

151. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn á Teams fimmtudaginn 24. september 2020 kl. 17

Mætt voru skólanefndarmennirnir: Skúli Björn Gunnarsson formaður, Anna Björk Guðjónsdóttir, Halldór Waren og Stefán Bogi Sveinsson. Mætt voru áheyrnarfulltrúarnir: Bergrún Þorsteinsdóttir f.h. foreldra, Hafrún Alexía Ægisdóttir f.h. nemenda, Þórunn Víðisdóttir f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 150. fundar staðfest.
2. Kosning formanns skólanefndar
3. Skólabyrjun haustannar í skugga Covid 19.
4. Horfur í nemendafjölda og fjármálum.
5. Starfsmannamál.
6. Önnur mál.

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 150. fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt en bíður undirritunar.

2. Kosning formanns skólanefndar

Lögum samkvæmt skal velja nefndinni formann árlega. Stungið er upp á Skúla Birni Gunnarssyni og er það samþykkt samhljóða.

3. Skólabyrjun haustannar í skugga Covid 19

Skólameistari lýsir upphafi skólastarfs á haustönn 2020. Vegna takmarkana við 100 manna samkomur og 1 metra fjarlægð voru eingöngu nýnemar í skólanum fyrst 3 dagana. Síðan mætti helmingur nemendanna í skólann í einu. Þegar takmarkanir voru færðar í 200 manns fór skólastarf í eðlilegt horf. Skólinn hefur fylgt öllum reglum um sprittun og aðgang að því og allir hafa aðgang að grímum en grímuskylda er eingöngu á þeim landsvæðum þar sem smit hefur greinst. Starfið hefur gengið framur vonum og í raun forréttindi að búa við svo gott ástand. Öll próf fjarnemenda verða rafræn á þessari spönn þar sem erfiðlega gekk að finna þeim prófstað, einkum á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum löndum.

Farið var með nýnema í gönguferð í Stapavík sem var vel heppnuð ferð og inntökuathöfn var með hefðbundnum hætti.

Skólameistari sýnir loftmynd af svæði skólans og segir frá fyrirhuguðum tengingum fyrir rafbíla. Einnig sýnir hann myndir af rými í heimavistarhúsnæði þar sem áður var bókasafn en er nú orðin vinnustofa.

Fulltrúi nemenda segir frá því að vinna málfundafélags og leikfélagsins séu að skriða af stað sem og undirbúningur fyrir Gettu betur. Reynt að hafa viðburði á miðvikudagskvöldum og t.d. var pubqviss með fulltrúum framboða til sveitarstjórna velsótt fyrir kosningar í nýju sveitarfélagi. Einnig hefur verið farið í íþróttahúsið þar sem reglur leyfa leiki og iðkun þar. Alltaf spurning hvað nemendafélagið getur gert í ljósi Covid. Reynt er að vinna úr aðstæðum eins og hægt er.

4. Horfur í nemendafjölda og fjármálum

Skólameistari gerði grein fyrir því að 175 nemendur eru í dagskólanámi núna. Fjarnemendur eru í kringum 350. Nemendaígildin eru í kringum 300 sem er samkvæmt viðmiðum. Nemendaígildið hefur hækkað í krónum. Í kringum 35 nemendur munu útskrifast í desember og þ.a.l. fækkar dagskólanemendum. Rekstrarlega er það erfitt. Fjarnemendur telja þó töluvert og gera reksturinn hagkvæmari.

Skipt var alveg yfir í Canvas námsumhverfi á vorönninni og hefur það gengið vel. Nemendur senda færri fyrirspurnir vegna vefjarins.

Samstarfsnefnd er að endurskoða stofnanasamninginn og skoða samning um fjarnám. Samkeppnin í fjarnámi er að vaxa þar sem fleiri skólar bjóða upp á fjarnám en áður. Spanakerfið skapar þó sérstöðu og er vinsælt hjá fjarnemendum.

Tæpega 50 nemendur eru á heimavist og hafa ekki áður verið svo fáir sem gerir rekstur mótuneytisins erfiðan.

Að mati skólameistar eru horfur samt ágætar, starfið gengur vel, kennarar eru jákvæðir og gott andrúmsloft í skólanum.

Í umræðum undir þessu lið er viðruð hugmynd um að breyta gangi á heimavist í nemendaíbúðir með það að markmiði að fjölga heimavistarbúum og nemendum skólans. Einnig að auglýsa sérstaklega að námsvefurinn Canvas hafi verið tekinn upp við skólann sem er góður undirbúningur fyrir háskólanám þar sem nær allir háskólar landsins eru farnir að nota hann.

Skólameistari sýnir skóladagatal 2020-2021.

5. Starfsmannamál


Skólameistari segir frá því að Marta Kristín Sverrisdóttir hafi verið ráðin í afleysingu í veikindaleyfi Freyju Kristjánsdóttur og vegna fæðingarorlofs Sigríðar Klöru Sigfúsdóttur. Rannveig Þórhallsdóttir er ráðin í 50% stöðu en hún er í 75% starfi á haustönn. Bylgja Lind Pétursdóttir var ráðin í 75% stöðu í tæknigreinum. Bergþóra Arnórsdóttir var ráðin ótímabundið í stöðu áfangastjóra. Margaret Anne Johnson kom aftur til starfa eftir 2 ár. Valgerður Hreinsdóttir kom úr námsleyfi og Hlynur Ármannsson úr launalausum leyfi. Sigrún Hrafnisdóttir lét af störfum vegna aldurs.

6. Önnur mál


a) Fundartími skólaneftdar. Það hentar flestum að halda fundina á fimmtudögum eins og mál standa í dag og reiknað með að þeir verði í fjarfundi fram að áramótum í það minnsta.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.


Skúli Björn Gunnarsson



Anna Björk Guðjónsdóttir



Halldór Warén



Stefán Bogi Sveinsson



